

## **5. fundur Háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands var haldinn miðvikudaginn 13. október kl. 16.00 í fundarsal landbúnaðarráðuneytisins.**

Allir háskólaráðsmenn voru mættir til fundar nema Ólafur Arnalds. Í hans stað sat Björn Gunnlaugsson fundinn.

Þetta var gert:

1. Fundargjörð 4. fundar lögð fram og samþykkt án athugasemda.
2. Vinnulag gagnvart fundargerðum háskólaráðs. Rektor lagði fram eftirfarandi tillögu að bókun:  
“Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands samþykkir að fundargerðir ráðsins verði þannig gerðar að greint verði frá heiti dagskrárliðar, framlögðum gögnum og tillögum, afgreiðslu tillagna auk bókana sem háskólaráðsmenn óska að leggja fram. Fundargerð verði send háskólaráðsmönnum rafrænt sem fyrst eftir hvern fund til yfirlstrar og afgreidd í upphafi næst fundar. Eftir samþykkt fundargerðar verði hún birt á vefsíðu landbúnaðarháskólans.”  
Tillagan samþykkt.
3. Ritun fundargerða.  
Rektor lagði til að Hákon Sigurgrímsson yrði fenginn til þess að rita fundargerðir háskólaráðs fyrst um sinn þar til landbúnaðarháskólinn tekur formlega til starfa. Var það samþykkt.
4. Vinnulag háskólaráðs.  
Rektor vakti máls á atriðum sem varða starfshætti háskólaráðs. Lagði hann fram yfirlit yfir verkefni ráðsins sem tilgreind eru í lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999 með síðari breytingum. Fram kom sú skoðun að næstu mánuði, á meðan verið er að forma skipulag og starfshætti stofnunarinnar, muni háskólaráð þurfa að funda nokkuð oft, en síðar geti fundum ráðsins fækkað
5. Boðun háskólaráðsfunda.  
Björn Gunnlaugsson vakti máls á boðun funda og útsendingu dagskrár. Fram kom að í undirbúningsferli því sem nú stendur, verði ekki unnt að ákveða fundaskipulag til langs tíma, en óski einhver ráðsmanna eftir frestun á afgreiðslu dagskrármála milli funda verði orðið við því.
6. Drög að skipuriti Landbúnaðarháskóla Íslands. Rektor lagði fram eftirfarandi greinargerð:  
“Rektor Landbúnaðarháskóla Íslands hefur á þeim tíma sem liðinn er frá skipun hans í embætti unnið að drögum að skipuriti fyrir stofnunina. Þar hefur verið byggt á gögnum um núverandi skipulag þeirra stofnana sem sameinast eiga, skýrslum um starfsemi og samstarfsfleti þeirra auk viðtala við starfsfólk í lykilstöðum hjá stofnunnum þremur. Þá hefur verið litið mjög til skipulags innlendra og erlendra háskóla á sama sviði. Til þess að koma saman tillögu að

skipuriti, út frá áðurnefndum gögnum og viðræðum, og í framhaldi af því drögum að starfsreglum fékk rektor til liðs við sig þau Áslaugu Helgadóttur, Björn Þorsteinsson og Ólaf Arnalds.”

Til fundarins komu Björn Þorsteinsson og Áslaug Helgadóttir til viðræðna um þetta mál. Björn Gunnlaugsson, fulltrúi starfsmanna í háskólaráði, gerði athugasemdir við það að ekki skyldi kallaður til fulltrúi frá Garðyrkjuskóla ríkisins í ráðgjafanefnd til þess að koma saman tillögu að skipuriti og drögum að starfsreglum fyrir skólann. Lagði hann áherslu á að leitað yrði eftir sem víðtækustu samráði um áframhaldandi vinnslu málsins. Að loknum ítarlegum um ræðum um framlögð drög að skipuriti var eftirfarandi tillaga rektors að bókun samþykkt:

“Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands samþykkir að þau drög að skipuriti og skýringar því fylgjandi sem nú liggja fyrir, verði kynnt á sameiginlegum fundi starfsmanna GR, LBH og RALA með rektor Landbúnaðarháskóla Íslands hinn 15. október nk. Tilgangur slíkrar kynningar er fyrst og fremst að upplýsa alla starfsmenn um undirbúning hinnar nýju stofnunar og gefa öllum færi á að taka þátt í þessum mikilvæga hluta undirbúningsins. Í framhaldi þess fundar verði haldið áfram við frekari mótun skipuritsins undir forustu rektors með þátttöku starfsmanna stofnananna þriggja sem og annarra sem kalla þarf til verksins. Stefnt verði að því að grunnskipulag hinnar nýju stofnunar verði afgreitt á næsta fundi háskólaráðs”.

Björn Gunnlaugsson óskaði bókað:

“Drög að skipuriti sem lögð hafa verið fram eru ekki í samræmi við hugmyndir starfsmanna að Reykjum og sem koma fram í skýrslu ráðherraskipaðrar nefndar um stöðu og framtíð Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi. Fjárhagsleg og fagleg rök eru fyrir því að starfsmenntanám, háskólanám og rannsóknir t.d. í græna geiranum sé í sem nánustum tengslum við hvort annað. Undirritaður áskilur sér rétt til að koma með breytingartillögum við drög að skipuriti og starfsreglum þar sem þessi sjónarmið koma fram.”

7. Fleira ekki gert. Fundi slitið.